

Örn efna skrá
Skagafjarðarsýsla

Fellshreppur

H R A U N
í S l é t t u h l í ð

Skrásetjari; Rósmundur G. Ingvarsson, f. 6. 08. 1930.

Heimildir og heimildarmenn.

Jarða- og búendatal Skagafjarðarsýslu 1781 - 1958.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín.

Sýslu- og sóknalýsingar II. bindi, Skagafjarðarsýsla.

Landamerkjaskrá fyrir Hraun, þinglýst 28. maí 1885.

Örnefnaskrá Kristjáns Eiríkssonar fyrir Hraun, 1972. Heimildarm. Stefánia Jónsdóttir.

Úttektarskjal frá 12. júlí 1902

Virðingarskjal v/ brunatryggingar, dags. 6. 12. 1957,

Fasteigna-matsskjal frá 1917.

Skýrsla Fasteignamatsnefndar Skagafjarðarsýslu 1964.

Frásögn Tryggva Guðlaugssonar, 25. júlí 1984.

Byljurnir á Hrauni. Þjóðsögur Ólafs Davíðssonar.

Skagfirskur annáll 1847 - 1947, e. Kristmund Bjarnason.

Magnús Pétursson, f. 20. 02. 1956, bóndi Hrauni.

Ath. Feitletraðir kaflar eru jafnan teknir upp úr heimildum.

Hver einn bær á sína sögu,
sigurljóð og raunabögu.

Þannig komst skáldið Matthías Jochumsson að orði, þegar hann orti um Skagafjarðarhérað.

Hér er ætlunin, að taka saman í eina skrá, sem mest af því sem til er skráð um viðkomandi jarðeign og fyrir hendi er. Fyrst og fremst eru það örnefni sem áhersla er lögð á og önnur nöfn sem gjarnan mega geymast, og svo er það annað sem heimildir geyma um jörðina eða tengt henni. Síðan, að bæta við því sem heimildarmenn gefa upp og - eða kemur í ljós við skoðun. Athuga þarf, að sum nöfnin koma fram á fleiri en einum stað í skránni og hafa því tvö eða fleiri númer. Þarf þá að skoða hvað um þau segir á báðum eða öllum þeim stöðum í skránni sem númerin vísa til (sjá Stafrófsröð örnefna.)

Þegar tekið er upp úr fleiri en einni heimild verður tæpast komist hjá einhverjum endurtekningum. En þegar lýsing á einum og sama stað kemur úr tveim heimildum, þá er þess að vænta að þær lýsingar bæti hvora aðra upp.

HRAUN er í Sléttuhlíð, Fellshreppi og í Fells- kirkjusókn.

Eignin Hraun í Sléttuhlíð.

Bærinn stendur neðst í fjallshlíðinni upp af suðurenda Sléttuhlíðarvatns. Jörðin á nú (þ.e. um 1958), með landspildu, sem keypt hefur verið frá Skálá og lögð undir Hraun, land frá Sléttuhlíðarvatni og Innri-Langalæk, til fjalls, milli landa Syðstahóls og Skálár.

Árið 1709 er Hraun talið eftir fornu mati 20 hundr. að dýrleika. Á höfn á jörðinni er þá talin hæfileg: 2 kýr, 20 ær, 10 lömb og 1 hestur. Árið 1861 er jörðin metin 8,5 hundr., árið 1922 á 17 hundruð krónur og 1942 á 55 hundruð krónur.

Hraun er í eyði árið 1709, en hálf jörðin þá talin eign biskupsstólsins á Hólum, en hinn helmingurinn eign Ásmundar Einarssonar lögréttumanns í Enni á Höfðaströnd.

Árið 1802 er eignarhluti Hólastóls seldur með hálfu kúgildi fyrir 39 r.d. 80 sk.

Árið 1868 flutti að Hrauni Eyjólfur Jónsson og kona hans Kristín Jónsdóttir.

Eyjólfur andaðist árið eftir og ekkjan brá búi síðar. Sonur þeirra var Jón Eyjólfsson bóndi á Hrauni 1889 - 1910. Hann drukknaði í Sléttuhlíðarvatni frá mörgum ungum börnum. Dóttir hans hóf búskap á Hrauni 1918, með manni sínum og hafa þau búið þar síðan að fráteknum nokkrum árum. Niðjar Eyjólfss hafa því verið viðloðandi á Hrauni síðan 1869 og búið þar óslitið síðan 1926. Hraun er í Fellssókn. (Ath. Þetta mun vera skrifað um 1958).. (Jarða- og búendatal Skagafjarðarsýslu 1781 - 1958.)

Hér hafa komið fam nöfnin : Sléttuhlíðarvatn (1) , Innri-Langilækur (2).

Nokkrir síðari ábúendur.

Eyjólfur Jónsson og Kristín Jónsdóttir	1868 - 1869. Eyjólfur dó í maí 1869.
Kristín Jónsdóttir, ekkja	1869 - 1870 Brá búi. Fór að Bræðraá.
Kjartan Jónsson og Sigríður Stefánsdóttir	1870 - 1889 Fóru búferlum að Höfða.
Jón Eyjólfsson og f.k. Kristín Ó. Bjarnadóttir	1889 - Kristín dó 31. ágúst 1889.
Jón Eyjólfsson og s.k. Rannveig I.Bjarnadóttir	- 1910 Jón drukkn. 1. júní 1910.
Guðlaugur Bergsson og Helga Pálsdóttir	1910 - 1911 Nytjuðu jörðina frá Skálá.
Jón Ásgrimsson og Þorgerður Björnsdóttir	1911 - 1918 Jón dó 26. okt 1919. Þ. kyrr
Jóhann O. Jónsson og Stefanía Jónsdóttir	1918 - 1923 F. búferlum að Keldum.
Jóhann Sigurðsson og rsk. Þórunn Jóhannesd.	1923 - 1925 Br. búi. F að Kráksstöðum.
Jörðin í eyði	1925 - 1926
Jóhann O. Jónsson og Stefanía Jónsdóttir	1926 - 1965 Fóru til Reykjavíkur.
Pétur Guðjónsson og Helga F. Jóhannsdóttir	1951 - 1981 Fóru til Sauðárkróks.
Magnús Pétursson og Elínborg Hilmarsdóttir	1980 - Núverandi ábúendur.

Jarðarlýsing frá árinu 1709.

Hraun. Þessi jörð hefur legið í eyði í næstu 13 ár.

Jarðardýrleiki 20 hundruð og tíundaðist meðan bygt var stólsparturinn 2 tíundum ut supra, en bónðaeignin 4um tíundum.

Eigandi að hálfri jörðinni biskupsstóllinn Hólar. En að hálfri lögréttumaðurinn Ásmundur Einarsson að Enni á Höfðaströnd. Anno 1702 meina menn að pennan helming ætti Sr. Jón Þorvaldsson að Miklabæ í Blönduhlíð.

Landskulð 1 hundrað eður nokkru minni seinast þá byggðist. Galst í landaurum eftir proportion.

Leigukúgildi 4, tvö stólsins og tvö landsdrottins. Leigur í smjöri. Kvöð 0.

Fóðrast kunni meðan bygt var 2 kýr, 20 ær, 10 lömb, 1 hestur. Síðan hefur jörðin mjög af sér gengið. Afrétt ut supra.

Torfrista og stunga bjargleg. Móskurður lakur. Lyngrif lítið.

Silungsveiðivon var gagnvæn í Sléttuhlíðarvatni.

Munnmæli eru að jörðin eigi selstöðu fram á Skálárdal norðanfram, og sést þar til seltóftaleifa, en ekki vita menn hvort þessi selstaða hefur brúkast í skyldu nafni eður fyrir toll.

Túninu spillir grjóts og vatns uppgangur, langvarandi órækt og yfirgangur af kvíkfé. Enginu grandar sandfok til stórskaða.

Hætt er kvíkfé fyrir holgryfjulækjum og dýjum.

Vatnsból brást um veturn og var þá vatnið í afætudýjum hingað og þangað í úthögum.

Pessa jörð brúkar nú enginn, nema hvað ábúandi á Syðstahóli nýtir sér af túni eður engjum, og skal hann gjalda þar fyrir til stólsins 20 álna virði. Ásmundur hefur ei ákveðið hvað mikið gjaldast skuli fyrir brúkun á hans parti.

(Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. 9. bindi.)

Hér var nefnd Selstaða (3) og Vatnsból (4).

Hálf jörðin seld árið 1802.

Hraun ½ .

Dýrleiki 13 hundruð, landskuld 30 álnir, kúgildi ½ . Illugi Sveinsson bóndi þar (líklega d. um 1812), keypti jörðina á 36 rd. 80 sk. og kúg. á 3 rd. Lsk. 1805 1 rd.

Kaupverðið greitt í einu lagi 1812, 48 rd. 19 sk.

(Heimild: Skagfirðingabók nr. 5. Útg. 1970.)

Úr sóknalýsingu frá 1868.

--- Mið-Hóll skammt austur undan ytri enda Sléttuhlíðarvatns, þar suður af Syðsti-Hóll , þá skammt suður og austur Hraun, undir Hraunsöxl. ---

--- Stöðuvötn eru hér í sóknum þrjú. Er Höfðavatn þeirra stærst, austur af Þórðarhöfða. Hin vötnin eru Kappastaðavatn, austur af Hrolleifshöfða, og Sléttuhlíðar-vatn, austur af Fellinu. Eru þau vötn bæði lítil; lengri eru þau en hvað þau eru breið til. Engar eru eyjar í vötnum þessum, nema í Kappastaðavatni. Þar er ey ein kringlótt, lág, grasi vaxin og víði.

---- Fyrir utan Skálárdal er syðst Tungufjall, þá er Skálárskarð og vestur frá því Hraunsöxl. Halda fjöllin þá enn aðalstefnu sinni í norðurátt, allt út að Stafárdal, og heitir út við dalinn Heiðarhyrna yst í Fellssókn. Öll eru fjöll þessi lág og lík að hæð, þótt nokkru muni, en brött eru þau að tiltölu við hæðina.----

---- Fellssóknarmenn hafa afrétt fyrir botni Hrolleifsdals. Er þar almenningur, og reka eigi aðrir þangað. Rétt er við Þverá, er kemur af Þverárdal, og eru fyrstu réttir haldnar laugardaginn í 21. viku sumars. Auk Fellshreppsbúa sækja þangað til rétta Höfðstrend-ingar og Flókdælir. ---- (Sýslu og sóknalýsingar II.bindi., bls. 142 - 160.)

Hér bætist við nafnið Hraunsöxl (5).

Byggður var nýr bær 1902.

„Álagsgjörð“ dagsett á Hrauni 12. júlí 1902, sýnir, að þá var byggður upp nýr bær á Hrauni á öðrum stað en gamli bærinn var, og kostar Landsbankinn að öllu leiti bygginguna þar eð jörðin er bankans eign. Afhendist nú hús jarðarinnar ábúandanum Jóni Eyjólfssyni til viðhalds og íbúðar.

Síðan er bæjarhúsum nokkuð nákvæmlega lýst, en það eru :

1. Baðstofa, 6 álnir á lengd og 4 ½ alin á breidd, - öll undir suð úr heilum borðum 1¼ tommu á þykkt, einn gluggi 4 rúðu og annar 2 rúðu.
2. Frambærinn er 8 álnir á lengd og 4 ½ alin á breidd og er þar búr í norðurenda aðskilið frá eldhúsi með þili og einnig er Eldhús aðskilið frá bæjardyrum með þiljum. ----
3. Bæjardyr með standþili og hurð á járnum.
4. Fjárhús yfir 6 ær.

Öll þessi hús eru nýbyggð að viðum og veggjum og er allur frágangur á þeim í góðu lagi. ---- (Hér er nefndur Gamli bær (6)) (Heimild; Úttektir 1900 - 1911.)

Jarðarlýsing árið 1917.

Hraun 8,5 hundr. Eigandi Guðlaugur H. Guðlaugsson Keldum.
Ábúandi ; Jón Ásgrímsson.

Tún talið 6 dagsláttur, mest þýft, í dágóðri rækt, gefur af sér 60 hesta. Engjar samfelldar, fremur snöggslægar mýrar- liggja að túni, gefa af sér um 150 hesta. Beitiland lítið, en gott bæði sumar og vetur. Smalamennska hæg. Ofurlítil silungsveiði í Sléttuhlíðarvatni. Aðdrættir ekki góðir vegna vondra vega. Bygging léleg. Kúgildi 1. Landskuld 4 sauðir. Landamerki þinglesin. Landið metið kr. 1130,00

Hús, þar af ábúanda 165 kr. ---	280,00
Tíu ára umbætur	<u>--- 90.00 = 1.500,00</u>

Skýrsla Fasteignamatsnefndar 1964.

Hraun .

Eigendur og ábúendur; Helga Jóhannsdóttir ¾ og Ragna Jóhannsdóttir ¼ .

Tún 1. jan. 1964 13,69 ha. vélslægt, + 4 ha.

Jarðvegur túnsins ca. 2/3 grunnur, hitt dýpri, framræstur að nokkru. Kalhætta lítil. Fremur grasgefið. Girt. Garðar lítilsháttar. Ekkert engi. Beitiland talsvert, fjalllendi og flóaland, gott sauðland. Girt að miklu. Afréttarland: Hrolleifsdalsafrétt.

Hlunnindi: Silungsveiði í Sléttuhlíðarvatni.

Íbúðarhús; gamalt, 35 m2., ein hæð og ris til geymslu. Einangrað með torfi. Steyptur kjallari, timbur og járn í hæðinni. Gólf og loft úr timbri og skilrúm úr timbri. Járn á þaki. Gluggar einfaldir. Ekkert rafmagn. Herbergi 4 - 2 í kjallara og búr. Eldhús og klósett. Hitun frá kolakyntri eldavél. Vatnsleiðsla og skólpleiðsla.

Fjós fyrir 10 gripi. Byggt 1964. Steypt, einangrað með torf, loftið með ?

Sjálfbryning.

Fjárhús fyrir 150 kindur, gömul bygging úr timbri, járni og torfi, járnþak - einangr-að á pörtum, grindur í einni kró.

Hlöður: 300 m3., byggð 1929, efni timbur, járn, steyptar undirstöður. 500 h.

Byggð 1929. Blandað efni; torf, timbur og járn. 150 h.

Áhöfn: 6 kýr, 5 vetr., 80 kindur, 2 hross.

Búskaparaðstaða sæmileg. Jarðhiti enginn.

Vegalengd til Höfsóss 24 km. , ca. 2,5 - 3 km. á braut. Samgöngur innan sveitar góðar.

Ræktunarmöguleikar: Talsvert land, þarf framræslu.

Rafmagn: Nei. Er á Skeiðfossínu. Sími um Fell.

Neyzluvatn. Gott , öruggt, sjálfrennandi. Steypumöl ekki til, en vegaefni er til.

Jörðin fremur þæg, hættulaus.

(Matstöllum er sleppt hér.) Skýrslan er dags. 11. 11. 1964, og undirrituð af þrem mönnum.

Úr Fasteignaskrá árið 2001.

Hraun 146545. Jörð. Eigandi og ábúandi Magnús Pétursson.

Ræktað land 43,9 ha.

Byggingar: Geymsla 82,6 m2., byggð 1964, st./timbur.

Fjós með áburðarkjallara 283,4 m2., byggt 1975, steypt.

Flatgryfja 190 m2., byggð 1977, steypt.

Véla / verkfærageymsla 70 m2., byggð 1988, steypt.

Lax- / silungsveiði .

Íbúð 92,4 m2., byggt 1930, st/ timbur. Eigendur: Ragna St. Pétursdóttir 12,50 %

Guðjón Sólmar Pétursson 12,50 %

Jóhann Oddgnýr Pétursson 12,50 %

Rannveig I. Pétursdóttir	12,50 %
Magnús Pétursson	12,50 %
Hólsmríður B. Pétursdóttir	12,50 %
Svanfríður Pétursdóttir	12,50 %
Sólveig Pétursdóttir	12,50 %

Íbúð 136,5 m²., byggð 1979, steypt. Eigandi Magnús Pétursson 100 %.

(Fasteignaskrá Skagafjarðar 31. 12. 2001.)

Landamerkjaskrá Hrauns 1885.

Landamerkjaskrá fyrir Hrauni.

Millum Hrauns og Syðsta-Hóls eru landamerki á steini, sem stendur framan til í hólunum, frá honum beint til eggjar. Frá sama steini í stefnu ofan á við í 3 vörður sem standast á og frá vörðunni í línu á Urriðabrekku við vatnið.

Á milli Hrauns og Skálár ræður garður frá fjalli að Kálfagerðislæk, og svo skiptir (strax ?) nefndur lækur landi til vatns.

Pessu til sönnunar er mitt undirskrifað nafn. B. Þórðarson.

Þinglýst á manntalsþingi að Felli 28. maí - m - ár, 1885 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóhannes Ólafsson.

Hér í landamerkjaskrá eru nefndar þrjár vörður (7), Urriðabrekka (8), garður (9), og Kálfagerðislækur (10).

Fyrri örnefnaskrá.

Þegar byrjað er á að setja þessa skrá saman, í ágúst árið 2011, liggur fyrir ein örnefnaskrá. Hún er frá árinu 1972, skráð af Kristjáni Eiríkssyni frá Fagranesi og heimildarmaður hans er Stefanía Jónsdóttir. Á skránni eru aðeins 29 númeruð örnefni.

Skrá Kristjáns verður nú afrituð orðrétt inn á þessa, (sjá næsta kafla) og síðan er ætlunin að leita til þeirra sem kunnugir eru á svæðinu, í þeirri von að þeir geti bætt einhverju við eða leiðrétt ef eitthvað er ekki rétt.

Örnefnaskrá Kristjáns Eiríkssonar.

H R A U N .

Heimildir: Örnefni jarðarinnar eru skráð eftir Stefaníu Jónsdóttur, fædd 18 ágúst 1898 að Hrauni í Sléttuhlíð.

Stefanía bjó allan sinn búskap að Hrauni (þ.e. 50 ár). Núna búar dóttir hennar og tengdasonur. Kristján Eiríksson skráði 23. júlí 1972 að Hrauni.

Hraun er næsti bær utan (norðan) við Skálá, austan Sléttuhlíðarvatns. Næsti bær norðan Hrauns er Syðsti-Hóll.

Svæðið niður við Sléttuhlíðarvatn (11), milli merkja heitir Lambhagi (12). Hann hefur nú verið gerður að sléttu túni. Þar voru lömbin setin hér áður.

Upp undan Lambhaga, að norðanverðu, voru þrír melar, Syðsti-Melur (13), Mið-Melur (14), og Ysti-Melur (15).

Syðsti-Melur hefur nú verið gerður að túni. Mýradög voru á milli melanna, en landið hefur nú verið þurrkað.

Gamli bærinn stóð nokkru ofan við Syðsta-Mel og er íbúðarhúsið, sem nú er byggt, á hlaði hans.

Slæguengi var fyrir sunnan bæinn. Það bar ekkert sérstakt nafn. Nú hefur það verið ræktað.

Skammt utan og ofan við bæinn voru kvíar og í kringum þær hét Kvíaból (16). Gil utan við kvíarnar heitir Hólagil (17).

Sunnan og ofan við bæinn er stallur í brekkunni, sem heitir Stallur (18). Þar léku krakkar sér gjarnan áður og höfðu gullabú.

Sunnan við Stallinn gengur stór hóll fram úr brekkunni, nefndur Hádegishóll (19). Bæjarlækurinn (20) rann áður gegnum Hádegishólinn og niður fyrir sunnan bæinn. Sunnan í Hádegishólnum er stekkurinn. Lambakróin er heldur hærri en aðalstekkurinn. Rétt suður og upp undan Hádegishól er hár, grasivaxinn hóll, nefndur Grashóll (21).

Út og upp af Hádegishól gengur melhryggur og síðan gengur hann í vinkil niður með Hólagili að sunnan. Hryggur þessi heitir Kambur (22).

Dagmálagil (23) heitir gil upp undan Kambi, með þrem litlum tjörnum í.

Bröndulaut (24) er breið laut út og upp af Kambi. Merkin milli Syðsta-Hóls og Hrauns eru líklega um miðja Bröndulaut, en annars ræður Dynjandalækur (25) merkjum neðar.

Upp af Hólagili (ath.: Hólagil er í landi Syðsta-Hóls) gengur hár og sérkennilegur melhryggur. Út og upp af honum er grasigróið vik í hólunum, sem Hólavík (26) heitir. Rétt utan þess er annað vik svipað og hækka hólarnir upp af því. Þetta vik nefnist Hestavík (27). (Hólavík, Hestavík og Hólagil eru í landi Syðsta-Hóls).

Upp af áðurnefndu Dagmálagili rís hár grjóthóll upp úr hólunum, nefndur Sjónarhóll (28). Suður af honum er stórt grjótfæmi, sem nær suður í Skálárdal (29). Þetta grjótfæmi er mjög illt yfirferðar. Það kallast Hraun (30).

Suður og upp af Sjónarhól heitir Skeið (31). Það er nokkuð slétt melspilda, sem liggur fyrir ofan Hraunið.

Klettastallar eru milli Hrauns og Skeiðar. Skeiðarendi (32) heitir nyrðri endi Skeiðar, upp af Sjónarhól. Skeið nær suðvestur að Skógarhlíð (33) á Skálárdal.

Skeiðardalir (34) heita grasbollar, sem liggja upp af Skeiðinni sunnanverðri.

Lautin utan við Sjónarhól heitir Sjónarhóslaut (35). Skammt út og upp af Sjónarhól er djúp og mikil laut, sem heitir Guðrúnarlað (36). Í þeirri laut varð úti kona að nafni Guðrún. Hún var frá Felli í Sléttuhlíð. Hún var að fara í fjósið á Felli í stórhrið og villtist svo hraparlega á leið milli bæjar og fjóss, að hún hafnaði í þessari laut og varð þar til. Líklega hefur hún farið yfir Sléttuhlíðarvatn á ísi og síðan haldið að hún væri alltaf að villast í Fellinu. Um vorið fannst hún svo í lautinni með mjólkurfötturnar á handlegnum.

Móðir Stefaníu Jónsdóttur, Rannveig Bjarnadóttir, sagði Stefaníu frá þessu atviki, en þetta mun hafa verið rétt áður en Stefanía fæddist.

Hryggur skilur að Skeið og Hraunsdal (37), en það er dalur, sem liggur frá norðvestri til suðausturs meðfram Hyrnu (38). Þessi dalur nær aðeins norður í Syðsta-Hólsland og suður í svonefnt Skálárskarð (sjá örnefnalýsingu Skálár).

Ofan Hraunsdals heitir fjallið Hyrna frá Skálárdal og út fyrir ofan Heiði. Stundum nefnist hún Heiðarhyrna (39), einkum er þá átt við fjallið ofan við Heiði.

Hyrna er ákaflega tignarleg til að sjá. Að ofan er hún slétt.

Á hlaði gamla bæjarins á Hrauni var stór steinn með járnholdu í. Í járnholðuna voru bundnr taumar. Hann var bæði notaður sem hestasteinn og fiskasteinn. Steinninn var fjarlægður, þegar sléttar var, og settur upp hestastjaki í staðinn. Það var sver járnstaur, sem rekinn var í jörð niður. Við hann voru svo hestar bundnr.

(Hér lýkur örnefnalýsingu K.E.)

Fáein aukanöfn.

Eftirtalin nöfn, eða annað, koma fram í örnefnaskránni hér á undan, en hafa ekki fengið númer þar, enda líklega ekki talin til örnefna.

Gamlí bærinn (40), sem stóð rétt á bak við núverandi íbúðarhús, (þ.e.eldra húsið).

Kvíar (41) við Kvíaból. Stekkur (42) sunnan í Hádegishól og Lambakró (43) sem er hluti stekksins.

Hestasteinn (44) og Fiskasteinn (45), sem var einn og sami steinninn, en var fjarlægður. Hestastjaki (46) sem kom í staðinn fyrir steininn.

Virðing bygginga á Hrauni 1957.

Virðingargerðin er dagsett 6. 12. 1957, og undirrituð af 4 mönnum. Það sem vart er:

1. Íbúðarhús úr timbri með steyptum kjallara. Rishæð 1,50 m. Í kjallara er eldhús, bún og geymsla. Við útidýr á kjallara er skúr úr steinsteypu og með járnþaki. Á aðalhæð hússins eru 4 herbergi, forstofa og gangur þar sem gengið er upp á loft og niður í kjallara. Öll eru herbergin málud og veggföðruð. Í húsinu eru 14 gluggar, tvennar útidýr, einnig steyptur reykháfur. Stærð: Lengd 7 m., breidd 5,10 m., hæð 6,3 m. Mat kr.100.000.
- Upphitun er frá kolakyntri miðstöð. Olíulampar til ljósá.
2. Fjós fyrir 7 kýr, úr steinsteypu, önnur hlið er milligerð milli hlöðu og fjóss og er úr bárujárni. Þak er úr bárujárni stoppað innan með torfi. Á fjósinu eru útidýr og 3 gluggar.
3. Heyhlaða úr steinsteypu á þrjá vegu, en önnur hliðin úr bárujárni, þak járnklætt.
4. Skúr úr steinsteypu við kjallaradýr. Þak úr bárujárni. Gólf steinsteypt.

Heildarmat þessara bygginga er kr. 123.000.

Endurmetið 17. ágúst 1961. Samtals kr. 203.000,-

Skráð eftir frásögn Tryggva.

Tryggvi Guðlaugsson frá Lónkotí hefur talað eftirfarandi inn á segulband árið 1984, og Hjalti Pálsson fært það í letur síðar.

Hraun fór í eyði eftir að Jón Eyjólfsson drukknaði, en það var ekki nema eitt ár.
Faðir minn bjó þá á Skálá og átti Hraun og nytjaði það þetta ár. Árið 1911 kom svo Jón Ásgírmsson, ættaður úr Fljótum og Þorgerður Björnsdóttir. Þau áttu einn son, Jóhann. Þessi ætt bjó svo þarna í fjöldamörg ár og Hraun varð eign þessarar ættar.
Þau hjón voru prýðisugleg, konan líklega einhver mesti dugnaðarforkur, sem ég hef kynnst um mína daga. (Þetta er úr frásögn Tryggva Guðlaugssonar frá 1984.)

Úr Þjóðsögum Ólafs Davíðssonar.

Á ljórsiti úr Þjóðsögum Ólafs Davíðssonar, undir nafninu Stórlygar, er eftirfarandi saga höfð eftir einhverjum Jóni.

„Hvergi á guðs grænni jörð er annað eins veðravíti og á Hrauni. Ég skal segja ykkur það til dæmis, að einu sinni var ég að búa um hey með Lilju minni. Hún var uppi á heyinu , en ég var niðri að rétta henni steina. Allt í einu kemur bylur og kastar mér flötum, en ég sé út undan mér, hvar einhver flygsa hendist í loftinu. Þegar bylurinn var afstaðinn, fór ég að hyggja að Lilju minni. Ég sá að bylurinn hafði tekið alla fylluna ofan af heyinu, og var hún þó þakin grjóti og mörg björgin fullkomið karlmannstak, en Lilju sá ég hvergi. Eg taldi hana nú frá, en samt fór ég að leita að henni og sá þá þakfylluna, hvar hún lá í leyningnum fyrir utan bæinn. Hún hafði vafist saman í stranga, og ég fór að bisa við að ná henni í sundur, en þá heyrði ég eins og stunur innan í fyllunni, og viti menn: Lilja kom innan úr henni alveg ósködduð, og skil ég ekkert í því enn í dag , þar sem hún hafði verið innan um önnur eins heljarbjörg. Engu tapaði ég af heyinu. Það var svo fast að það fór ekki eitt einasta strá af því.”

Frá Skagfirzkum annál.

1910, 1. júní. Jón Eyjólfsson bóndi á Hrauni í Sléttuhlíð drukknaði í Sléttuhlíðarvatni við silungsveiði. „Hann átti 6 börn í ómegð og sýndu Slétthlíðingar það drengskaparbragð að taka öll börnin til fósturs. Á þar þó margur um sárt að binda eftir síðasta veturn og vor.”

(Skagfirzkur annáll 1847 - 1947, seinna bindi, bls. 335.)

Hnit-tölur og fleira af vettvangi.

Á Hrauni stendur eldra íbúðarhús, efst í túninu og alllangt ofan við núverandi bæjarhús. Húsið var gert upp fyrir um 3 árum og er notað sem Sumarhús (47). Pallur er framan við húsið. Norðan við húsið voru fjós og hlaða sem nú eru horfin. Staðsetning við húsið $66^{\circ} 02' 069 / 19^{\circ} 19' 520$, skekkja 9, (hæð ca. 72 m.) Skammt þar austan við stóð Gamlatorfbærinn (48), þar sem nú er sléttur bekkur, staðs. $66^{\circ} 02' 067 / 19^{\circ} 19' 503$, skekkja 6, (hæð ca. 76 m.)

Ofan við stað gamla torfbæjarins er Reitur (49) og ofan við hann Kambur (50) og Lækjarhóll (51) þar sunnar. Lækur er norðan við hólinn, en hann þornar upp á sumrin.

Gamalt Vatnsból (52) sem nú er ekki notað, er smáspöl norður frá stæði torfbæjarins og ofan túngirðingar. Þarna er uppsprettu undir brekku, staðs. $66^{\circ} 02' 093 / 19^{\circ} 19' 486$, skekkja 11.

Vatnsból sem nú er notað er nokkru norðar.

Fjárhús (53) (torfhús) voru spölkorn neðan við eldra íbúðarhúsið (Sumarhúsið). Staðs. fjárhúsanna $66^{\circ} 02' 082 / 19^{\circ} 19' 666$, skekkja 8. Nú er þarna slétt tún, en annar blær á grasinu þar sem húsin voru heldur en í kring.

Niður á bakka Sléttuhlíðarvatns (54) er lítið hús, Veiðiskúr (55) og lækur er þar rétt sunnan við (kemur úr skurði). Bátur var við skúrinn. Staðs. $66^{\circ} 02' 124 / 19^{\circ} 20' 382$, skekkja 6, (hæð ca. 20 m.)

Staðs. við norðvesturhorn núverandi íbúðarhúss $66^{\circ} 02' 079 / 19^{\circ} 19' 951$, skekkja 18, (hæð ca. 55 m.). Skammt austar er vélageymsla og spöl norðan við íbúðarhúsið er fjós (56) og hlaða, en hlaðan er nú orðin hluti fjóssins. Milli íbúðarhúss og fjóss er allmikið drag, sem verið er að fylla í smám saman. Ekki er vitað um nafn á draginu.

Miklar nýræktir og tún eru á flatlendinu suðaustan og sunnan við suðurenda Sléttuhlíðarvatns og einnig ná túnin nokkuð upp í hlíðina.

Í fjallshlíð ofan við túnin.

Í örnefnaskrá K.E. hér á undan, bls. 5-6, er getið um bæði kvíar og stekk.

Hádegishóll (57) er aflangur suðaustur- norðvestur og mun vestasti hluti hans vera í hádegisátt frá bæjarstæði Gamla torfbæjarins (58). Hóllinn hefur verið nefndur Lækjarhóll (59) á síðari tíma. Hóllinn er aðskilinn frá hólaröð ofar og eru djúpir grasbollar með lækjun þar á milli. Staðs. vestast á háhólnum $66^{\circ} 01' 956 / 19^{\circ} 19' 453$, skekkja 9, (hæð ca. 103 m.).

Í dragi norðan við hólinn er vatnsból (60) ?, plastkassi í járngrind, staðs. $66^{\circ} 01' 993 / 19^{\circ} 19' 486$, skekkja 12, (hæð ca. 78 m.)

Sunnan undir Hádegishól er mannvirkisleif og þar hefur Stekkurinn (61) líklega verið. Þar sést austurveggur greinilega, 8 metra langur, og vestan við hann er vel gróinn blettur innan ramma 7 x 7 m. sem virðist vera lítilsháttar leifar af görðum eða veggjum. Svo er þrep niður vestan við. Staðs. $66^{\circ} 01' 920 / 19^{\circ} 19' 432$, skekkja 8, (hæð ca. 98 m.)

Í melhólaröð eða þyrringu næst ofan við Hádegishól er hæstur mel- og grjóthóll, sem er upp undan eldri bænum og núverandi fjósbyggingu. Staðs. $66^{\circ} 02' 037 / 19^{\circ} 19' 262$, skekkja 11, (hæð ca. 146 m.) Í kvos þar sunnan við er ofurlítill tjörn. Þarna ofan við eru dálitlir slakkar en ofar (austar) er mikið hærri fjallgarður.

Áberandi steinn, er stendur upp á endann, er á mel, upp undan læk hjá Syðsta-Hóli. Staðs. **66° 02' 252 / 19° 19' 452**, skekkja 14. Spurning hvort þar hafa verið landamerki milli Hrauns og Syðsta-Hóls. Skammt þar suðaustar er mannvirkisleif, sunnan undir gríðarlega stórum jarðföustum steini, staðs. **66° 02' 244 / 19° 19' 438**, skekkja 15. Tóftin sem er fremur óregluleg í luginu, líkist frekar stekk heldur en kvíum. Skilrúm virðist hafa verið í henni og grjóthleðsla sést í vegg. Stuttur aðhaldsgarður er suður frá austurvegg og hafa dyr verið að sunnan.

Spölkorn sunnar er **Vatnsból nútímans** (62) vatnsból bæjarins á Hrauni, í uppsprettu á stað **66° 02' 217 / 19° 19' 469**, skekkja 6, (hæð ca. 77 m.) Þarna eru fleiri uppsprettur og talsvert vatnsmikill lækur rennur frá.

Kvíaból (63) er að öllum líkindum um það bil 10 metra utan og ofan við túngirðingarhorn, sem er utan og ofan við Sumarhúsið fyrرنefnt. Núverandi bóndi (M.P.) benti á mannvirkjaleif á þessum stað og í örnefnaskránni frá 1972 segir, **Skammt utan og ofan við bæinn voru kvífar og kringum þær hét Kvíaból**. Þarna er trúlega átt við torfbæinn, svo að staðsetningin passar vel. Þarna er mjög gróskumikill blettur og í honum er tóft, um 4 x 6 metrar að utanmáli og hefur líklega verið **Kvíar** (64), staðs. **66° 02' 079 / 19° 19' 469**, skekkja 13. Þetta er að sunnanverðu í dragi, en gamalt vatnsból er að norðanverðu og aðeins neðar (sjá nr. 52 hér á undan). Leifar gatna yfir dragið eru skammt ofar.

Vegakerfið.

Svonefndur **Siglufjarðarvegur** nær frá vegamótum við Hringveginn, skammt frá Syðstu-Grund í Blönduhlíð, um Blönduhlíð, Viðvíkursveit, Óslandshlíð, Höfðaströnd, Sléttuhlíð út vestan við Sléttuhlíðarvatn og áfram. **Sléttuhlíðarvegur** (65) liggur frá Siglufjarðarvegi skammt utan við Hrolleifsdalsá, austur fyrir Sléttuhlíðarvatn, út með vatninu að austan og að Siglufjarðarvegi hjá Keldum. Heimvegur að Hrauni heitir **Hraunsvegur** (66) frá Sléttuhlíðarvegi að Hrauni. (Heimild ; Vegaskrá 2000. Norðurland vestra.)

Búskapur árið 2012.

Á Hrauni er nú allmikið kúabú og einnig nokkrar ær. Auk heimajarðarinnar (Hrauns) eiga ábúendur Hrauns jarðirnar Syðsta-Hól, sem Pétur Guðjónsson bóndi keypti árið 1963, og Ysta-Hól sem keyptur var árið 2010 og er nú þegar búið að auka ræktun þar stórlega. Að auki eru nytjuð leigutún á Róðuhóli og e.t.v. víðar.

Magnús Pétursson og Elínborg Hilmarsdóttir hafa nú (2012) búið á Hrauni síðan árið 1980.

Samkvæmt nágildandi lögum eru mannvirkjaleifar, sem orðnar eru 100 ára gamlar, friðaðar.

Þessi skrá er að mestu sett saman haustið 2011. Frágengin 24. ágúst 2012. R.I.

Stafrofsröð örnefna og annarra nafna.

- | | |
|-------------------------|--|
| Bröndulaut 24 | Lambagi 12 |
| Bæjarlækur 20 | Langilækur- Innri 2 |
| Dagmálagil 23 | Lækjarhóll 51, 59 |
| Dynjandalækur 25 | Melur - Syðsti-, Mið- og Ysti 13, 14, 15 |
| Fiskasteinn 45 | Mið- Melur 14 |
| Fjárhús 53 | Reitur 49 |
| Fjós 56 | Selstaða 3 |
| Gamli bærinn 6, 40 | Sjónarhóll 28 |
| Gamli torfbærinn 48, 58 | Sjónarhóslaut 35 |
| Garður 9 | Skálárdalur 29 |
| Grashóll 21 | Skeið 31 |
| Guðrúnarlaut 36 | Skeiðardalir 34 |
| Hádegishóll 19, 57 | Skeiðarendi 32 |
| Heiðarhyrna 39 | Skógarhlíð 33 |
| Hestasteinn 44 | Sléttuhlíðarvatn 1, 11, 54 |
| Hestastjaki 46 | Sléttuhlíðarvegur 65 |
| Hestavík 27 | Stallur 18 |
| Hólagil 17 | Stekkur 42, 61 |
| Hólavík 26 | Sumarhús 47 |
| Hraun 30 | Syðsti - Melur 13 |
| Hraunsdalur 37 | Urriðabrekka 8 |
| Hraunsvegur 66 | Vatnsból 4, 52, 60 |
| Hraunsöxl 5 | Vatnsból nútímans 62 |
| Hyrna 38 | Veiðiskúr 55 |
| Innri- Langilækur 2 | Vörður 7 |
| Kambur 22, 50 | Ysti- Melur 15 |
| Kálfagerðislækur 10 | |
| Kvíaból 16, 63 | |
| Kvíar 41, 64 | |
| Lambakró 43 | |

Kafla-fyrirsagnir.

Heimildir og heimildarmenn	bls. 1
Eignin Hraun í Sléttuhlíð	--- 1
Nokkrir síðari ábúendur	--- 2
Jarðarlýsing frá árinu 1709	--- 2
Hálf jörðin sold árið 1802	--- 3
Úr sóknalýsingu frá 1868	--- 3
Byggður var nýr bær 1902	--- 3
Jarðarlýsing árið 1917	--- 4
Skýrsla Fasteignamatsnefndar 1964	--- 4
Úr Fasteignaskrá árið 2001	--- 4
Landamerkjaskrá Hrauns 1885	--- 5
Fyrri örnefnaskrá	--- 5
Örnefnaskrá Kristjáns Eiríkssonar	--- 5
Fáein aukanöfn	--- 6
Virðing bygginga á Hrauni 1957	--- 7
Skráð eftir frásögn Tryggva	--- 7
Úr Þjóðsögum Ólafss Davíðssonar	--- 7
Frá Skagfirskum annál	--- 8
Hnit-tölur og fleira af vettvangi	--- 8
Í fjallshlíð ofan við túnin	--- 8
Vegakerfið	--- 9
Búskapur árið 2012	--- 9
Stafrófsröð örnefna og annarra nafna	--- 10
Kafla-fyrirsagnir	--- 11